

Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995



Gilda frá 1. janúar 2011

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar,- íþróttá,- æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru fasteignaeigendur í Dalabyggð
- reka starfsemi sína í húsnæðinu sbr. 1. gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr.
- starfsemin skal vera á sviði menningar, íþróttá, tómstunda eða mannúðarstarfa og/eða góðgerðarmála sem er rekin í almannaþágu eða í þágu æskulýðs. Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu að vera unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið
- njóti starfsemin annarra rekstrarstyrkja frá Dalabyggð eða ígildi þeirra, skal tekið tillit til þess við úthlutun styrkja til greiðslu fasteignaskatts
- starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins sbr. þó 3. gr. reglna þessara.

3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema allt að álögdum fasteignaskatti.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir í 1. og 2. gr. jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði og skal þá leggja og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar.

Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrði reglnanna, í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

5. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu Dalabyggðar. Með umsókn um styrki skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félagsins þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemina.

6. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar endurskoðar þessar reglur í desember ár hvert.

Samþykkt í byggðarráði Dalabyggðar 8. febrúar 2011.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar 15. febrúar 2011.

Búðardal, 16. febrúar 2011

Sveinn Pálsson sveitarstjóri